

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 22. október 2013 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-90/2013

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 17. október sl. bað X, f.h. Z, hér eftir einnig nefnt álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa félagsins á viðgerðarþjónustu af þjónustuverkstæði Y. Þjónustuverkstæðið er rekið af A, hér eftir einnig nefnt seljandi.

II

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar eftir lögum nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Samkvæmt ákvæðum framangreindra laga og reglugerðar geta aðilar kaupa sem greinir á um réttindi og skyldur sínar samkvæmt lögum þessum snúið sér til kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa og óskað eftir álitsgerð nefndarinnar um ágreiningsefnið.

Ágreiningur aðila snýst um kaup á þjónustu, þ.e. viðgerð seljanda á bifreið í eigu álitsbeiðanda, en ekki hlut og eðli sínu samkvæmt ætti ágreiningurinn að falla undir lög nr. 42/2000 um þjónustukaup. Hins vegar ná þau lög einvörðungu til þjónustu sem neytendum er veitt, en neytandi er í lögnum skilgreindur svo að átt sé við einstakling sem er kaupandi þjónustu og að kaupin séu ekki í atvinnuskyni eða í tengslum við starf hans. Kaupandi framangreindrar þjónustu er einkahlutafélag og falla því kaup þess á þjónustu ekki undir þjónustukaupalögin, nr. 42/2000. Þau falla heldur ekki undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup eða lög nr. 48/2003 um neytendakaup. Af þessum ástæðum verður ágreiningi aðila þessa máls ekki skotið til kærunefndar lausafjár og þjónustukaupa með ósk um að hún gefi álitsgerð um ágreininginn þar sem hann fellur utan valdsviðs nefndarinnar. Verður kærunefndin því að vísa álitsbeiðninni frá sér, sbr. ákvæði 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

III

Álitsorð

Álitsbeiðni X, f.h. Z, er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir